

## Fjósamennskan

Baula var ekki besta vinkona mín í fjósinu. Það var Búbót, sem mjólkaði mest, og seldi verst, svört og frekar lítil, með stjörnu í enninu. Búbót gaf af sér meira í mál en rýmdist í einni fötu, en opin á spenum hennar voru það þröng að það fóru hálfar mjaltir í að mjólka hana. Í fjósinu voru einnig þrjár dætur hennar mjólkandi, allar rauðar en með hennar stjörnu. Búbót var hænd að mér og vissi alltaf af mér, og ég af henni. Hún er sú kýr sem ég man best eftir, og sakna mest.

Ekki var Baula heldur forystubeljan. Það var Ljómalind, gráskjöldótt. Hún seldi best, það þurfti rétt að taka utan um spenana og mjólkin tók að fossa í fötuna. Ljómalind stóð upp úr bólinu sínu eins og hestur, kom framfötunum undir sig fyrst og dró sig síðan upp á afturfætur, ég hef ekki séð aðrar kýr standa upp svona. Hún lagðist líka með afturendanum fyrst. Hún gekk alltaf á undan hinum leiðina upp á fjallið eftir kvöldmjaltir um hásumarið, og leiddi þær aftur niður að fjósinu á morgnana. Guðlaugur lét aldrei sækja þær, ef þær eru sóttar einu sinni sagði hann, koma þær aldrei aftur sjálfar. Stundum komu þær heldur seint, höfðu gengið langar leiðir. Guðlaugur stóð við fjósdynar og bankaði með spýtu í mjólkurbrúsa og kallaði kus kus þangað til hausinn á Ljómalind birtist uppi á brekkubrún og svo hinir hausarnir einn og einn. Og hérmeð er reyndar kominn vísir að kjarnanum í þessari umfjöllun, fyrsta grein fjósskrárinna: Kýrnar skulu koma ósóttar til mjalta.

Baula seldi svo sem sæmilega, mjólkaði nógu vel til að henni var leyft að lifa, en hún var fjörgömul og Guðlaugur var ekki viss um að hún lifði eitt kálffylli enn. Hún var stór, rauð, hægfara, nautsterk, og fór sínar leiðir, og engin önnur belja þorði í hana. Hún lét oftast mjólka sig fyrst. Þetta var nýtt rimlafjós, meðal þeirra fyrstu sem reist voru hér og ennþá í byggingu veturinn sem ég lærði fjósamennsku, básarnir ekki kláraðir og mjaltavélin í pöntun. Beljurnar gengu lausar á rimlunum og tróðu mykjunni niður milli rimlanna svo hún safnaðist í haughúsið og beið þess að vera sogin upp í mykjudreifara þegar voraði og dreift á tún. Ég klifraði yfir til beljanna úr jötunni og fór inn á milli þeirra með kollinn og fötuna til að mjólka. Að vetri var dauf skíma frá steinólulampa í horninu við innganginn, hlýtt og rólegt inni á milli jórtrandi dýranna sem staðið höfðu smám saman á fætur þegar þau heyrðu mig koma. Mikill og hægur andardráttur í kringum mig, ein og ein handbuna til að hreinsa af rimlunum, jórtur og smávegis hóst. Í hálfmyrkrinu í fjósinu var maður ekki viss um hver var hver fyrir en tekið var utan um spenana, þannig þekkti maður kýrnar sínar í myrkri, setti undir sig þrífóta kollinn, húkti við hægra hlið dýrsins og byrjaði að kanna málið, þá vildi hún oftast ganga eitt skref áfram og maður leyfði henni það og ók sér áfram á kollinum uns hægri afturfóturinn átti næsta leik, þá tók maður með vinstri hendi undir sköflunginn og bannaði næsta skrefið. Þá stóð mín kjurr og fatan mátti standa milli fótanna og maður gældi við spenana og ýtti upp undir jógrið til að fá hana til að selja. Og svo byrjaði mjólkin, fyrst hvellar bunur í tóma fötuna og svo seinna þegar botnfylli kom og froðan tók að myndast þessi djúpi taktfasti baritón púls í kyrðinni, hendurnar orðnar heitar af hreyfingunni og stórum hlýjum mjólkurfullum spenum, vindur og fjúk á glugga en inni friður og jórtur og mjólkurslög.

Búbót stóð oftast fyrir aftan mig, og ýmist lagði hökuna á öxl mér eða þrýsti snoppunni töluvert fast á ská í mjóbakið svo andardráttur hennar hvein úr annarri nösinni. Það var til að minna á sig, jafnvel þótt ég væri búinn að tutla úr henni. Ef sú sem ég mjólkaði vildi

stíga skref áfram svo ég þurfti að forða mjólkurfötunni og aka mér áfram á kollinum þá fylgdi Búbót mér sem best hún gat í þvögunni. Þær stóðu alltaf þéttastar í kringum þá sem mjólkuð var á hverjum tíma, þar var miðdepill heimsins.

Baula var erfiðust, ég þurfti alltaf að taka í hala hennar og skorða hann með enninu uppað síðunni til að fá ekki taktföst högg í höfuð og herðar. En—og nú nálgast ég aftur kjarnann í þessum hugleiðingum—Baula var fundamentalistinn í fjósinu. Hún boðaði eitt alltumfaðmandi lögmál. Það var æðra og fornra en miðjumoðið *Aldrei að víkja*. Lögmál Baulu var *Ýttu betur*. Enginn ýtti henni úr vegi. Þegar ég klemmdi halann hennar með enninu upp að síðu hennar, færði hún þyngdina yfir á hægri hlið og klemmdi á mótí. Halinn varð pikkfastur á milli okkar. Það voru mikil átök, og ég þurfti oftast að taka mér hvíld eftir að hafa mjólkað hana.

Það bar til eitt kvöld um hávetur þegar hvein í snjósköflunum úti, að ég var lengst frá steinolíutýrunni í norðaustur horni fjóssins, þar sem átti eftir að smíða jötur, og sá lítið. Kýrnar stóðu í þéttum hnapp upp að veggnum og voru eitthvað að samhugsa. Ég var að leita að Kolbrúnu sem var ein eftir ómjólkuð, þuklaði undir þeim einni og einni til að finna fullt júgur, líklega voru þær að fela hana fyrir mér. Ég sá ekki Baulu í hálfskímuni, fannst vera Branda systir hennar, vitur kýr og elliþögur. Ég byrjaði að olnboga mig milli hennar og veggjarins. En það var Baula, og enginn ýtti við Baulu. Hún ýtti strax á mótí, klemmdi mig upp að veggnum með allri sinni óvægnu kreddutrú. Ég var fastur, hjálparlaus. Því meir sem ég streittist á mótí til að losna, því fastar hélt hún mér. Ég man ég var hræddastur um að hún myndi beygla blikkfötuna. Ég gat varla andað. En sem betur fer tók rökhugsun hins viti borna fjósamanns yfirhöndina, og sagði mér að hætta að sýna mótþróa. Ég stóð grafkjurr, reyndi jafnvel að anda ekki, vonaði að hún fyndi ekki hvernig hjartað hamaðist. Það tók dálitla stund. Svo gleymdi hún mér, og smám saman losnaði um mig. Ég stóð áfram hreyfingalaus, líkaminn í stálgreipum rökhugsunar. Við minnstu hreyfingu vissi ég að ég yrði aftur fangi. Eftir óralangan tíma kom að því að hægar straumrásir fjóssins hrifu Baulu með sér, og hún fetaði áfram sína leið. Svo fann ég Kolbrúnu og hún var fegin að sjá mig, júgríð þanið.

Stundum varð uppsteytur í fjósinu, einhver var yxna og vildi upp á bakið á aðra, sagt var að beljan væri að ríða, og þá þurfti að slá á þráðinn í Hvanneyri og hafa heitt vatn og sápu og handklæði tilreidd fyrir sæðingarmanninn. En stundum fældist hópurinn af engum sýnilegum ástæðum, þusti til og frá með látum, og þurfti þá að hafa hraðar hendur til að bjarga mjólkurfötu og kollinum. Framan af tók ég þátt í hræðsluköstunum og öskraði og olnbogaði til að reyna að ná stjórn á hjörðinni. *Paník* merkir óstjórnleg hóphræðsla dýra, orðið er dregið af guðinum Pan, guði hjarðanna. Andi hans er óútreiknanlegur eins og hjörðin sjálf, í senn guðlegur og dýrslegur. Þegar beljurnar fundu fyrir tilvist hans urðu þær villtar. Stundum var það mús sem Pan lét skjótast út úr jötunni, eða skuggi Pans á veggnum. Síðar lærði ég að leyfa honum ekki að ná tókum á mér. Það er önnur grein fjósskrárinnar: Leyfðu Pan að fara sínar leiðir, þá rennur fyrir af honum æðið.

Seinna um vorið, þegar mjólkurbásarnir voru komnir og von var á mjaltavélunum, fékk Baula júgurbólgu, og við Guðlaugur þurftum að gefa henni stíl í einn spena. Til þess þurfti að tjóðra hana, og Guðlaugur ákvað að hafa hana í einum mjólkurbásanna þar sem mjaltavélin ætti eftir að koma, og hægt var að loka með keðju. En hún sá við okkur. Til lítils að hrista fóðurbætisdolluna, hún neitaði að fara inn. Við lögðumst báðir á rass henni og spyrtum á sleipum fjósrimlunum til að ýtta henni inn, Guðlaugur var stór maður og þéttur á

velli. Hún spyrnti á móti og hafði betur, við færðumst smám sama lengra frá básnum. Svo kom rökhugsunin aftur til bjargar. Ég fór yfir grindina og inn í básinn á undan henni, tók um snoppuna og reyndi að ýtta henni út. Hún ýtti harkalega á móti og keyrði mig inn í básinn. Ég rétt slapp yfir grindina aftur, og Guðlaugur skellti keðjunni í lás fyrir aftan hana. Svo fór hún að éta úr fódurbætisdollunni. Um haustið varð hún aftur kálffull.

Baula var ekki besta vinkonan mín, en hún átti það til að hlusta með mér á morgunfréttir og veðurfregnir og ég fann fljótt að Pan vildi nota hana til að kenna mér ýmist. Þriðja og dýrmætasta grein fjósskrárinnar er: Fjósamaður hugsar gerðir sínar í heild. Hann hugsar bæði fram og aftur. Pan býr einnig í jórtrinu. Tíminn er honum einskis virði: hans nú er núíð sem var einnig í gær og teygir sig fram á næstu daga. Fjósamaður hugsar sínar gerðir þannig, að þær tengjast bæði fram og aftur, þessu stóra núí.

Hversdags og utan fjóssins hefur mannkynið ósköp lítið nú, varla nokkuð sem heitir, örþunna himnu milli fortíðar og framtíðar sem dugir varla til minnstu dagsverka. Fyrir bragðið er öll ákvörðunartekt föst í fortíðinni og byggist á aðdraganda, skref fyrir blint skref, eins og engill sögunnar sem Walter Benjamín lýsir, sem gengur aftur á bak inn í framtíðina með vængi fulla af storminum sem blæs úr Paradís og hleður upp braki fortíðarinnar að fótum hans.<sup>1</sup> Því virðast gerðir fjósamannsins fásinna ein þegar horft er eingöngu til aðdragandans. Fjósamaður ýtir ekki í áttina sem framlengir aðdragandann, heldur breiðir út núíð og faðmar framtíðina. Vinnur til baka frá því sem verður, aftur að hinni trufluðu nútíð. Þannig styggir fjósamaður ekki Pan, og hjörðin jórtrar, og músin læðist, og tunglið veður í skýjum, og núíð breiðist út yfir tilveruna.

Þegar turnarnir hrundu – þeir voru þrír, ekki tveir – kviknaði eilítil von. Nú ætti forseti Bandaríkjanna stórleik, sem aldrei myndi gleymast á meðan jórtrað var á bás. Forseti Bandaríkjanna mundi segja Guð minn góður, er það virkilega svona slæmt? Segið okkur, hvernig getum við bætt úr þessu? Elsku vinir, Allah er mikill, fyrirgefið okkur. Nú skulum taka saman höndum og endurbyggja heiminn.

En svo hrundi þriðji turninn, og sumir fóru að fatta leikritið.

Fjósamennska á ekki upp á pallborðið fyrir botni Miðjarðarhafs á seinni tímum. Enda sáu þeir sem hrundu þessari atburðarás af stað enga þörf fyrir fjósamennsku, því markmiðið var vald og olía, sem Pan hefur engan skilning á. Pólarnir tveir, fundamentalisminn og fjármagnið, treysta báðir á visku Baulu til að halda velli. Ýttu betur.

Nú eru þær löngu dauðar, beljurnar mínar, og þótt ég heimsæki fjósið öðru hverju þá þekki ég ekki lengur nöfnin og augnaráðin. Það eru bráðum fimmtíu ár síðan. En Pan heilsar mér alltaf, og tíminn snýst á sveif með mjöltunum, og ég finn alltaf í þessu stóra núí réttu aðkomuna að því sem áður var týnt og brotið. Því Baula var aldrei forystubeljan, það var Ljómalind, sem hafði þó engan áhuga á herforingjatign; og Branda var elst og fegurst og vitrust, og Búbót var besta vinkonan mín. Hvíli þær allar í friði.

---

<sup>1</sup> Níunda stefið úr 'Theses on the Philosophy of History'. Walter Benjamín, *Illuminations*. Hannah Arendt ritstýrði. New York: Schocken Books 1969.